

**180. aðalráðstefna**  
**Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu**  
október 2010

Ver fyrirmynd trúaðra

**Mary N. Cook**  
fyrsti ráðgjafi í aðalforsætisráði Stúlknafélagsins

Nýlega fæddist Ruby litla inn í fjölskyldu okkar. Þegar ég horfði á ljúfa andlitið hennar fannst mér undursamlegt að vita, að áður en hún kom til jarðar bjó hún í návist okkar himneska föður. Hún hafði samþykkt hina miklu sæluáætlun hans og valið að fylgja honum og Jesú Kristi, frelsara okkar.<sup>1</sup> Vegna ákvörðunar hennar var henni leyft að koma til jarðar og upplifa jarðlífið og þroskast áfram til eilífs lífs. Með sameinuðum anda sínum og líkama hefur Ruby hafið námsferil, þar sem hún getur sannað sig, valið að fylgja Kristi, og búið sig undir að vera verðug eilífs lífs.

Ruby kom hrein til þessarar jarðar, en sem hluti af áætluninni mun henni mæta erfiðleikar og freistingar og hún mun gera mistök. En vegna friðþægingar frelsarans getur Ruby hlotið fyrirgefningu, meðtekið fyllingu gleðinnar, og verið hrein á ný – reiðubúin að lifa eilíflega í návist okkar himneska föður.

Fáeinum klukkustundum eftir fæðingu hennar naut ég þeirra forréttinda að halda á þessu dýrmæta barni í fangi mínu. Ég sagði við móður hennar: „Ó, við verðum að kenna Ruby hvernig hún á að vera dyggðug kona, hrein og dýrmæt eins og nafn hennar gefur til kynna.“<sup>2</sup>

Móðir hennar svaraði: „Ég hefst handa í dag.“

Hvað mun móðir Ruby gera til þess að „hefjast handa í dag“? Hvernig getum við sem foreldrar, afar, ömmur og leiðtogar komið börnum okkar – ungdómnum okkar – af stað og haldið þeim á leiðinni til eilífs lífs? Við verðum að vera „fyrirmynd trúaðra.“<sup>3</sup>

Spámaðurinn Brigham Young sagði: „Við ættum aldrei að leyfa okkur að gera neitt sem við viljum ekki sjá börn okkar gera. Við ættum að setja þeim fordæmi sem við viljum að þau fylgi.“<sup>4</sup> Hvert og eitt okkar getur „hafist handa í dag“ með því að sýna gott fordæmi.

Í dag vil ég bjóða ykkur að „vera ... fyrirmynd trúaðra í trú, [og] í hreinleika“<sup>5</sup> hvað varðar tvær reglur sálhjálp.

Verið fyrirmynd trúaðra hvað varðar trú. Styrkið með skipulögðum hætti ykkar eigin trú á Jesú Krist og búið ykkur þannig undir að vitna með orði og fordæmi fyrir börnum ykkar.

Leyfið mér að segja ykkur frá dásamlegri móður, hverrar líf var fyrirmynd í trú. Þegar spámaðurinn Joseph Smith var kornungur drengur, fylgdist hann með og lærði um trú á Guð af móður sinni, Lucy Mack Smith.

Lucy leitaði svara með því að rannsaka ritningarnar<sup>6</sup> og Joseph beitti líka sömu aðferð, leitaði til Biblíunnar eftir leiðsögn eins og móðir hans hafði gert.<sup>7</sup>

Lucy leysti einnig fjölskylduvandamál með því að leita hjálpar Drottins í bæn. Dag nokkurn, þegar ósamkomulag varð í fjölskyldunni varðandi trúarbrögð, sagðist Lucy hafa „farið út í lund fallelgra kirsuberjatrjáa í grenndinni og beðið til Drottins ...“<sup>8</sup>

Lucy baðst einnig fyrir í mikilli trú þegar hún stóð frammi fyrir heilsufarsvanda, þegar Joseph var að því kominn að missa fótinn vegna ígerðar í beini, og Sophronia, systir Josephs, var að dauða komin af taugaveiki. Varðandi veikindi Sophroniu, skrifaði Lucy, „Ég starði á barnið mitt ... eiginmaður minn og ég héldumst í hendur og féllum á kné við rúmstokkinn og helltum úr skálum sorgar okkar í auðmjúkri bæn til hans ...“<sup>9</sup> Sophronia lifði. Ég er sannfærð um að börnin hennar Lucy urðu oft vitni að trúarbænum hennar og svörum við þeim bænum.

Lucy baðst fyrir í trú um leiðsögn, og Joseph fór líka út í trjálund þegar hann baðst fyrir í trú, og leitaði svara frá Drottni eins og móðir hans hafði gert.

Eins og Lucy verðum við að sýna börnum okkar og unglingum hvernig styrkja má trú þeirra og vitnisburð um Jesú Krist með því að styrkja okkar eigin, með því að nema í ritningunum og í gegnum bæn, einkabæn engu síður en sameiginlega bæn.

Ólíkt því sem var á dögum Lucy erum við í dag blessuð með fleiru en Biblíunni. Við höfum síðari daga ritningar og orð síðari daga spámanna, til að „leiða okkur í öryggi“<sup>10</sup> á leiðinni til eilífs lífs. Í Mormónsbók lærum við um þá sem á leið sinni „héldu stöðugt fast í járnstöngina“<sup>11</sup> og líktu henni við „orð Guðs.“<sup>12</sup> Í heimi nútímans, þar sem freistingar eru hvarvetna, getur það verið áskorun að „halda fast,“ því Satan með sínum lævíslegu aðferðum reynir að draga okkur út af vegum Guðs. Ef við höfum aðra hönd á járnstönginni og hina í heiminum, er hætt við að börn okkar og unglingar villist af veginum. Ef fordæmi okkar er óljóst, þá, „glötum við trúnaðartrausti barna [okkar] vegna þess slæma fordæmis [okkar] ...“<sup>13</sup>, svo notuð séu orð Jakobs.

Foreldrar, afar, ömmur og leiðtogar, skilaboð ykkar verða að vera skýr. Og skýr verða þau aðeins með því að hafa báðar hendur á járnstönginni og með því að lifa eftir þeim sannleika sem finnst í ritningunum og orðum síðari daga spámanna. Má vera að þið séuð ekki að ala upp spámann eins og Lucy var að gera, en þið eruð örugglega að ala upp leiðtoga morgundagsins, og gerðir ykkar tengjast alveg jafn greinilega trú þeirra.

Næst, verið fyrirmynd trúaðra í hreinleika. Eina leiðin fyrir okkur til að verða hrein er með friðþægingu frelsara okkar. Sá hreinsunarferill byrjar hjá okkur öllum með trú, iðrun, og fyrsta sáttmála okkar í skírinni.

Öldungur Robert D. Hales sagði eftirfarandi til hjálpar börnum okkar að lifa samkvæmt skírarnarsáttmála sínum: „Við kennum að á þeirri stundu sem þau stíga upp úr vatninu, stígi þau út úr heiminum og inn í ríki Guðs. Með sáttmála samþykkja þau að halda boðorð hans ...“<sup>14</sup>

„Í sáttmálum felst sú gríðarmikla ábyrgð að heiðra skuldbindingu okkar við Guð. Til að halda sáttmála okkar, verðum við að láta af sérhverri breytni eða sérhverju áhugamáli sem kemur í veg fyrir að við getum heiðrað þá.“<sup>15</sup>

*Til styrktar æskunni er dásamlegt verkfæri sem hjálpar unglíngum að skilja þessar helgu skuldbindingar sáttmálgjörðar og blessanir hreinleika sem fást með því að halda sáttmála. Hann inniheldur orð síðari daga spámanna – járnstöngina sem mun með öryggi leiða þau eftir hinum krappa og þrönga vegi, beina þeim frá gildrum Satans sem geta seinkað framþróun þeirra. Í þeim bæklingi, munuð þið einnig finna þær mörgu blessanir sem fást með því að hlýða og leita þess sem er „dyggðugt [og] fagurt.“<sup>16</sup>*

Foreldrar, verðið ykkur úti um eintak af þessum bæklingi og lesið hann oft. Lifið sjálf eftir stöðlum hans. Eigið ígrundruð samtöl við unglínga ykkar, sem auka munu þeirra eigin þrá eftir að lifa og uppgötva sjálf merkingu og tilgang staðlanna.

Staðlarnir sem eru í köflunum „Afpreyging og fjölmiðlar“ og „Klæðnaður og útlit“ geta verið virkilega krefjandi, vegna þess að þeir eru í vaxandi mæli frábrugðnir stöðlum heimsins.

Við verðum að hafa það sem er dyggðugt [og] fagurt í huga við val okkar á miðlum. Við verðum að gæta þess að þeir miðlar sem við bjóðum inn á heimili okkar slævi ekki næmni okkar fyrir andanum, skaði ekki sambönd okkar við fjölskyldu okkar og vini, eða sýni persónulegt forgangsval sem ekki samrýmist reglum fagnaðarerindisins. Með fordæmi getum við hjálpað börnum okkar að skilja, að þegar við eyðum löngum stundum á Alnetinu, í samskiptamiðlum, og í farsímum, við tölvuleiki eða sjónvarpsáhorf, heldur það okkur frá skapandi athöfnum og mikilvægum samskiptum við aðra.

Við höfum einnig það sem er dyggðugt og fagurt í huga við val okkar á klæðnaði og framkomu okkar. Sem sáttmálsfólk berum við ábyrgð á að annast og vernda líkama okkar og klæðast á viðeigandi hátt. Við verðum að hjálpa börnum okkar og unglíngum að skilja, að við virðum líkama okkar sem musteri<sup>19</sup> og sem gjöf frá Guði. Við gefum fordæmið þegar við neitum að kaupa eða klæðast ósæmilegum fatnaði, of þröngum, of flegnum, eða á annan hátt óviðeigandi.

Þeir sem halda sáttmála leitast við að vera hlýðnir „alltaf ... og allsstaðar“<sup>18</sup> vegna ástar þeirra á Guði og vegna lofaðra blessana hans. Kvöld nokkurt, þegar ég var á göngu með eiginmanni mínum, áttum við leið framhjá móttöku í brúðkaupi sem fór fram utandyra. Við þekktum ekki þetta fólk, en samt fundum við þegar í stað fyrir dyggð þeirra. Val þeirra á tónlist og fatnaði var yndislegt. Geislandi brúðarkjöllinn var án nokkurs vafa síðsamlegur, og svo var einnig um kjóla brúðarmeyja hennar. Fjölskyldan valdi að blanda ekki háttum heimsins inn í helgi þessa dags.

Og nú langar mig að segja nokkur orð til hinna undursamlegu unglínga í kirkjunni okkar. Þakka ykkur fyrir réttlátt fordæmi ykkar frammi fyrir – vinum ykkar, kennurum, leiðtogum og fjölskyldum. Mér er ljóst að mörg eruð þið einu meðlimir kirkjunnar í ykkar fjölskyldu. Þið sækið jafnvel kirkju ein. Ég hrósa ykkur fyrir skuldbindingu ykkar og réttlátt fordæmi. Verið þolinmóð og haldið áfram að lifa réttlátlega. Það eru margir sem geta hjálpað ykkur. Thomas S. Monson forseti sagði: „Jafnvel fyrirmyndar fjölskylda

... getur notað allan þann stuðning og hjálp sem þau geta fengið frá góðum körlum [og konum] sem láta sér í einlægni annt um þau.<sup>19</sup>

Lítið í kringum ykkur í deild ykkar og stiku eftir leiðtogum og vinum, sem eru fyrirmynd trúaðra og lærið af þeim.

Þegar ég var ung stúlka kynntist ég fyrirmyndum trúaðra. Auk foreldra minna var þar Carma Cutler frænka mín. Mér er í ljósu minni er hún flutti ræðu á staðla-kvöldi stikunnar þegar ég var 16 ára. Hún talaði um mikilvægi þess að vera siðsöm og verðug musterishjónabands. Vitnisburður hennar snart mig mjög. Ég hafði fylgst með siðsömu lífi hennar frá því ég var mjög ung stúlka og ég veit að það var í samræmi við kennslu hennar. Ég vildi fylgja fordæmi hennar.

Piltar og stúlkur, *þið* getið hafist handa í dag með því að vera fyrirmynd trúaðra í trú og hreinleika. Styrkið trú ykkar og vitnisburð daglega með ritningarnámi og bæn. Haldið skírnersáttmála ykkar, það mun halda ykkur hreinum og verðugum fyrir leiðsögn heilags anda. Þið getið hafist handa í dag að vera fyrirmynd fyrir aðra að fylgja.

Og það er aldrei að vita, þið gætuð verið fyrirmyndin sem hún litla Ruby mín þarfnast einhvern daginn. Eins og er, á Ruby dásamlegt upphaf á leiðinni til eilífs lífs. Foreldrar hennar fylgja réttlátum venjum á heimili hennar, byrja hvern dag með því að einbeita sér að því að vera fyrirmynd trúaðra. Vonandi mun Ruby, er hún notar valfrelsi sitt, kjósa að fylgja á eftir.

Ég er þakklát fyrir sæluáætlunina. Ég ber vitni um að hún er eina leiðin til þess að Ruby, og hvert og eitt okkar, geti orðið hrein á ný, og lifað um eilífð í návist okkar himneska föður. Megum við hefjast handa í dag.

Í nafni Jesú Krists, amen.

#### HEIMILDIR

1. Sjá Abr 3:22–26.
2. Sjá Okv 31:10.
3. 1 Tím 4:12.
4. *Teachings of Presidents of the Church: Brigham Young* (1997), 173.
5. 1 Tím 4:12.
6. Sjá Lucy Mack Smith, *History of Joseph Smith by His Mother*, ritst. af Scot Facer Proctor og Maurine Jensen Proctor (1996), 50.
7. Sjá JS–S 1:11–12.
- 8 Smith, *History of Joseph Smith*, 58.

- 9 Smith, *History of Joseph Smith*, 69.
10. „The Iron Rod,“ *Hymns*, nr. 274.
11. 1 Ne 8:30.
12. 1 Ne 11:25.
13. Jakob 2:35.
14. Robert D. Hales, *Return: Four Phases of Our Mortal Journey Home* (2010), 60.
15. *Boða fagnaðarerindi mitt: Leiðarvísir að trúboðspjónustu* (2004), 63.
16. Trúaratriðin 1:13.
17. Sjá 1 Kor 3:16.
18. Sjá Mósía 18:9.
19. Thomas S. Monson, „Examples of Righteousness,“ *Liahóna*, maí 2008, 66.